

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233Reykjanesbæ

15. apríl 2021
UST202102-239/B.J.
11.16

Leyfi til innflutnings á gullinrafa

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Stolt Sea Farm hf. um leyfi til innflutnings á 10.000 seiðum af tegundinni gullinrafi (*Seriola dumerili*), dags. 12. febrúar 2021. Félagið hyggst hefja tilraunarækt á tegundinni með hámarkslífmassa 30 tonn. Sótt er um leyfin í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í gögnum með umsókninni kemur fram að tilraunaeldið mun fara fram í lokuðum kerjum á landi, og því nær útilokað að tegundin geti sloppið út. Fram kemur að umrædd tegund er ekki þekkt fyrir að vera ágeng, hvorki í sínum náttúrulegu útbreiðslusvæðum eða utan þeirra. Einnig kemur fram að nær útilokað sé að viðkomandi tegund geti lifað af í sjónum við Ísland þar sem hitastig sjávar hér er um 10°C lægra heldur en tegundin þarf til að geta þrifist. Þróunarfræðilega séð á tegundin sér aðeins fjarskilda ættingja hér við land og því engin möguleiki talin á kynblöndun við aðrar tegundir.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganevndar um framandi lífverur vegna umsóknarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé mikil hættu á að þessi innflutningur muni ógna villtum vistkerfum á Íslandi og því sér nefndin ekki ástæðu til að mæla gegn honum, enda séu öll önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati sem unnin eru af sérfræðingi um tegundina og umsögn sérfræðinganevndarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á 10.000 seiðum af gullinrafa til notkunar í tilraunaeldi í eldisstöð Stolt Sea Farm, Vitabraut 7, Reykjanesbæ, að því tilskyldu að öll önnur lögformleg skilyrði séu uppfyllt, en fiskeldi er m.a. starfsleyfis skylt. Fyrirtækinu er því ekki heimilt að hefja eldi á tegundinni fyrr en heimild er komin í starfs- og rekstrarleyfi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að innflytjanda er skylt að fylgja í einu og öllu þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

Bjarni Jónasson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri